

Sp.

30. Tillaga til þingsályktunar

[30. mál]

um skipulag orkumála.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Páll Pétursson, Ingvar Gíslason, Ingi Tryggvason, Halldór Ásgrímsson, Jón Skaftason, Ásgeir Bjarnason, Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Sigurjónsson, Jón Helgason, Tómas Árnason, Gunnlaugur Finnsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar, að stefnt skuli að jöfnun orkukostnaðar um land allt. Í því skyni skal lögð áhersla á að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta og tryggja þannig sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samkeyrslu allra orkuvera og dreifikerfa. Í þessum tilgangi skal stefnt að eftirgreindu skipulagi orkumála:

1. Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki, sem annist alla meginrafkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. Ríkisstjórnin taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakilsárvirkjun, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks rekstrar í einni landsveitu. Aðilar að þessu fyrirtæki og stjórn þess verði ríkissjóður og landshlutaveitur. Eignarhluti ríkissjóðs skal aldrei vera minni en 50 af hundraði. Fyrirtækið undirbýr virkjanir og lætur virkja.
2. Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum, sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna. Þær sjái um framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi rekstrar. Aðilar að slíkum landshlutaveitum og stjórnnum þeirra verði sveitarfélögin og landsveitan.
3. Orkustofnun verði ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og annist upplýsingasöfnun hvers konar um orkulindir þjóðarinnar, geri áætlanir um nýtingu þeirra og annist frumrannsóknir fyrir virkjanir. Orkustofnun veiti landsveitunni og landshlutaveitum nauðsynlega þjónustu.

Greinargerð.

Á aðalfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins vorið 1976 var gerð samhljóða samþykkt um skipulag orkumála. Var tillaga um það efni unnin af starfshópi, sem framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins hafði skipað haustið 1975.

Frá því að þetta gerðist hafa ýmsir tekið undir þau sjónarmið, sem lýst er í samþykkt miðstjórnar Framsóknarflokksins. M. a. hafa verið fluttar á Alþingi tillögur til þingsályktunar, sem ganga í sömu átt.

Á s. l. vetri skipaði orkumálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um skipulag orkumála. Því starfi er ekki lokið og getur dregist nokkuð, enda að verkefninu unnið á mjög breiðum grundvelli.

Þingmenn Framsóknarflokksins telja, að ekki verði lengur beðið með að marka ákveðna stefnu um skipulag á yfirstjórn orkumála. Því hafa þingmenn flokksins ákveðið að leggja fram sem tillögu til þingsályktunar samþykkt þá, sem gerð var á aðalfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins vorið 1976 um skipulag orkumála.

Í greinargerð með tillögunni á aðalfundinum 1976 sagði meðal annars:

Það hefur lengi verið yfirlýst stefna stjórnvalda í landinu, að raforkuverð verði hið sama um land allt, sem býðir að sjálfsögðu, að verðið verði eitt og hið sama til sams konar nota, eða m. ö. o. að gjaldskrá verði hin sama fyrir raforku í landinu. Þessu markmiði verður varla náð í einum áfanga. Framleiðsluverð á raforku er mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum og sömuleiðis er dreifingar-

kostnaður mjög breytilegur. Eðlilegt virðist að stefna að því í fyrsta áfanga, að gjaldskrá fyrir raforku í heildsölu verði ein og hin sama um land allt. Til þess að þetta megi takast er mjög æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að tengja saman öll raforkukerfi landsins og leggja áherslu á sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samrekstri á allri orkuframleiðslu. Það verður tvímælalaust best gert með því, að orkuframleiðslan og tengikerfi framleiðslustöðvanna séu á einni hendi. Sá aðili getur þá ákveðið rekstur orkuveranna og flutning raforku á milli landshluta, þannig að sem hagkvæmast verði fyrir heildina.

Til þess að fá sama raforkuverð í smásölu er í fyrsta lagi nauðsynlegt að sameina hinar ýmsu rafveitur, sem eru í hverjum landshluta, og samræma þannig rekstur þeirra á einni hendi innan landshlutans. Jafnframt getur reynst nauðsynlegt að jafna mismunandi rekstrarkostnað með einhverju verðjöfnunargjaldi. Það þarf nánari athugunar við.

Fjárfesting á sviði raforkumála án heildarskipulags hefur verið áberandi. Kjördæmasjónarmið hafa ráðið miklu, en hagkvæmni hinna ýmsu kosta ekki skoðuð á þjóðhagslegum grundvelli. Þetta hefur að sjálfsögðu reynst ákaflega kostnaðarsamt, bæði í framkvæmd og þó ekki síður í rekstri. Þessi staðreynd hvetur jafnframt mjög til þess, að framkvæmdir á sviði orkuvinnslu og flutnings á milli landshluta verði á einni hendi og hagkvæmni framkvæmda fyrir þjóðarheildina látin ráða.

Lagt er til, að ofangreindum sjónarmiðum um hagkvæmni í framkvæmd og rekstri verði náð með því að sameina orkuframleiðendur í landinu í einni landsveitu, sem selji raforku með sömu gjaldskrá til allra landshluta. Nauðsynlegt er, að ríkissjóður hafi sterk ítök í slíku fyrirtæki. Því er lagt til, að eignarhluti ríkissjóðs verði a. m. k. 50 af hundraði. Hins vegar er jafnframt nauðsynlegt að tryggja sem best samband á milli landsveitunnar og rafveitna í hinum ýmsu landshlutum. Því er eðlilegt, að landshlutaveitur verði einnig aðilar að landsveitunni og að stjórn fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir því, að landshlutaveitur verði settar á fót með aðild sveitarfélaga og ríkisins. Ef slíks er óskað virðist eðlilegt, að sveitarfélög geti átt meirihlutaaðild að slíkum veitum og stjórn þeirra. Eðlilegt er jafnframt, að landshlutaveitur eigi og reki jarðvarmaveitur eða fjarhitunarstöðvar. Í ýmsum tilfellum kemur til greina að reka slíkar stöðvar þannig að nota megi hvort sem er jarðvarma eða raforku, auk svartolíu, eftir því sem þörf krefur. Nauðsynlegt getur því verið að samræma sem best rekstur raforkukerfisins og rekstur slíkra fjarhitunarstöðva. Því er æskilegt að þetta sé á einni hendi. Landshlutaveitur mundu þannig annast sölu á bæði raf- og hitaorku til notenda. Eðlilegast virðist, að slíkar landshlutaveitur verði sjálfseignarfélög og eignaraðild sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda.

Lagt er til, að Orkustofnun verði eftir sem áður sjálfstæður aðili. Ríkisstjórn, sem fer að sjálfsögðu hverju sinni með yfirstjórn raforkumála, þarf að hafa aðgang að óháðum aðila sér til ráðuneytis. Slíkur aðili þarf að hafa heildaryfirsýn yfir orkubú landsmanna, gera áætlanir um þörf og framleiðslu og undirbúa virkjanir með rannsóknnum. Sömu leiðis þurfa landsveitan og landshlutaveitur að hafa aðgang að sérfræðilegri þjónustu eins og þörf krefur.

Með tilliti til þess, að Orkustofnun þjónar bæði ríkisvaldi, landsveitu og landshlutaveitum, er eðlilegt, að þessir aðilar allir eigi aðild að stjórn stofnunarinnar.

Orkulindir landsmanna, bæði í fallvötnum og jarðvarma, eru einhver dýrmætasta eign þjóðarinnar. Mjög mikilvægt er, að þessar orkulindir verði virkjaðar og notaðar af skynsemi og hagkvæmni. Því miður hefur þar skort mjög á. Fyrst og fremst virðist þetta eiga rætur sínar að rekja til þess, að yfirstjórn orkumála er þess vanbúin að takast á við verkefnið. Því verður að vinna bráðan bug að bættu skipulagi og yfirstjórn. Með þessum tillögum er stefnt að því að leggja grundvöll að slíku skipulagi, sem án tafar þarf að vinna nánar í ýmsum smáatriðum og hrinda í framkvæmd.